

Umræðupunktur

Rætt um að sum félög séu með frítt í september, flestir búnir að halda 1 – 2 fundi. Tilfinningin hjá þeim sem mættu voru eru að sumarstarfið sé að skila sér inn í skátastarfið.

Könnuðamerki, flestir höfðu heyrt af áður og sumir áhugasamir um prófa. Rætt um að það sé alveg hægt að gera með 4-5 skátum eða upp í stærri hóp.

Rætt um að færnimerki, stiku- og hæðamerki, þátttakendur sammála um að þau aðstoði við skipulag, undirbúning og framkvæmd skátastarfs. Stiku- og hæðamerki hafa ýtt undir útvíst.

Rætt um að fyrsta árið þeirra í drekaskátum þarf að vera mikið stjórnað af foringjum

Tveir þátttakendur sögðu frá hugmyndakassa sem þær voru með á fundum. Bæði til að setja hugmyndir í, eða ef einhver vill koma skilaboðum til þeirra, t.d. það var mjög mikil læti á fundinum. Krakkarnir tóku eftir ef kassann vantaði á fundu og óskuðu eftir honum.

Frásögn um að notaður sé dagskráringur/þema tengt færnimerkjum og skipulag sett upp í kringum það.

Fáir virðast vera að nota markmiðaramma eða yfirlitsskjalið, sagt frá því og sagt hvar þau geta fundið það. Nokkrir sögðu fá því að þetta væri upp á vegg í skátaheimilinu.

Rætt um mikilvægi þess að vera með sama skipulagið og rútinu til að halda aga.

Frásögn að tekin er mynd af öllum við félagsfánann við vígslu og gefið í jólagjöf.

Óskir komu frá þátttakendum um aðgengi að skátasöngvum, video, hljóðupptökur, undirspil. Einnig kom umræða um að hafa gítarnámskeið fyrir þá sem kunna á gítar til að læra skátasöngva, ásamt námskeiði fyrir þá sem vilja læra.

Flestir stefna á að fara bara á drekaskátamót en ekki Landsmót, þegar nánar var spurt út í þá ákvörðun snérist hún mikið um að félög hafa ekki foringja til að sinna þeim og þeir foringjar sem eru fá tækifæri til að vera skátar á sínu aldursbili. Umræður um hvað er erfitt við að fara með drekaskáta í lengri ferðir. Þau atríði sem komu upp, þörf á miklum mannafla, ekki tilbúin að bregðast við erfiðum aðstæðum eins og veðurbreytingum.

Þátttakendur segja frá jákvæðri breytingu við að lengja fundartímann, umræður um að fundatímar eru 1 – 1:30 tími.

Þátttakendi segir frá Björgunarboxi (plástur, nál, tvinni, sótthreinsir) skilað góðum árangri og ýtir undir hjálpsemi.

Þátttakendur spurðir út í hvað þeim vantar stuðning við, ósk um hugmyndir af einföldum leikjum.

Rætt um mikilvægi þess að nýta efni og taka þátt í viðburðum á vegum Skátamiðstöðvar.

Drekaskátadagur 2. Mars í Hveragerðir, þær segja aðeins frá og að það sé möguleiki að gista 1 nótt.

Verkefni eftir kvöldið:

- Drekaskátamót inn á viðburðardagatal
- Ath gítarnámskeið – vana og óvana
- Hugmyndir af leikjum
- Koma drekaskátakönnuða merkjabókinni í útprentun.

